

ÞAÐ ER LEIKUR AÐ LÆRA
Eftir Ragnheiði Gestsdóttur og Ragnheiði
Hermannsdóttur

Greiða
Greiðu

Þetta er greiða.
Teikna greiðu.
Pabbi á greiðu.

Bursti
Bursta

Þetta er bursti.
Teikna bursta.
Mamma á bursta.

Bátur
Bát

Þetta er bátur.
Teikna bát.
Atli á bát.

Fáni
Fána

Þetta er fáni.
Teikna fána.
Anna á fána.

Api
Apa

Þetta er api.
Teikna apa.
Atli á apa.

Finna orð í myndaorðabók sem enda á –a, -i og –
ur.

t.d.

Sturta.

Þetta er sturta
Mamma á sturtu
Teiknaðu sturtu
Ég sé sturtu

Skúffa.

Þetta er skúffa.
Mamma á skúff_
Teiknaðu skúff_
Ég sé skúff_

Bónði.

Þetta er bónði
Mamma á bónda
Teiknaðu bónda
Ég sé bónda

Smali

Þetta er smali
Mamma á smal_
Teiknaðu smal_
Ég sé smal_

<u>Hestur.</u>	<u>Veggur</u>
Þetta er hestur	Þetta er veggur
Mamma á hest	Mamma á _____
Teiknaðu hest	Teiknaðu _____
Ég sé hest	Ég sé _____

Finna fleiri orð, skrifa svona eins og hér að ofan og setja í möppu sem heitir orðabók.

Bls. 10.

Afmæli
Afmæli

Á Anna afmæli?

Á afi afmæli?

Á Atli afmæli?

Hvenær átt þú afmæli?

Pakki
Pakka

Afmælisþakki
Afmælisþakka

Anna fær afmælisþakka.

Atli fær afmælisþakka.

Kaka
Köku

Afmæliskaka
Afmælisköku

Anna fær afmælisköku.

Atli fær afmælisköku.

Fær Anna afmælisköku?

Fær Atli afmælisköku?

Bls. 13.

Anna á appelsínu og epli.

Appelsína
Appelsínu

Epli
Epli

Atli á banana og peru.

Banani
Banana

Pera
Peru

Mamma á epli og vínber.

Epli
Epli

Vínber
Vínber

Pabbi á epli og sítrónu.

Epli
Epli

Sítróna
Sítrónu

Amma á peru og kiwi.

Pe..
Pe..

Ki..
Ki..

Á mamma banana?

Á pabbi epli?

Á Anna peru?

Á Atli appelsínu?

Á amma kiwi?

Á pabbi sítrónu?

Á mamma vínber?

Á pabbi vínber?

Á Anna epli?

SKRIFA Í SAGNORÐABÓK:

AÐ EIGA

Ég á	við eigum
Þú átt	þið eigið
Hann á	þeir eiga
Hún á	þær eiga
Það á	þau eiga

Bls. 14

Hvaða land er þetta?

Á Atli heima á Íslandi?

Á Anna heima á Íslandi?

Átt þú heima á Íslandi?

Frá hvaða landi ert þú?

Hvaða mál talar þú?

Hvaða mál talar Atli?

Hvaða mál talar Anna?

SKRIFA Í SAGNORÐABÓK:

AÐ TALA

ég tala	við tölum
þú talar	þið talið
hann talar	þeir tala
hún TALAR	þær TALA
ÞAÐ TALAR	ÞAU TALA

Búa til harmonikubók: Ísland, höfuðborgin
Reykjavík, forseti Íslands, Alþingi, íslenski fáninn
..... klipptu úr dagblöðum, teiknaðu, litaðu

Teikna Lita Klippa Líma

Bls. 15

Fara Atli og Anna með afa í bíltúr?

Teikna afa og Önnu og Atla í bíltúr.

Anna
Önnu

Atli
Atla

afi
afa

Hvað spyr afi?

Teikna stóran ís

Stór ís
Stóran ís

Teikna lítinn ís.

Lítill ís
Lítinn ís

BLS. 18

Skóli
Skóla

Hvað heitir skólinn þinn?

Hvað eru Atli og Anna gömul?

Hvað ert þú **gamall/gömul**?

Eru krakkar í skóla með skólatösku?

Hvað er í skólatösku?

SKRIFA Í SAGNORÐABÓK:

AÐ VERA

ÉG ER	VIÐ ERUM
ÞÚ ERT	ÞIÐ ERUÐ
HANN ER	ÞEIR ERU
HÚN ER	ÞÆR ERU
ÞAÐ ER	ÞAU ERU

Teikna Lita Klippa Líma:

Pennaveski
Pennaveski

Blýantur
Blýant

Yddari
Yddara

Strokleður
Strokleður

Sigríður Ólafsdóttir
2003

Tússlitur
Tússlit

Trélitur
Trélit

Vaxlitur
Vaxlit

Skæri
Skæri

Reglustika
Reglustiku

Lím
Lím

Nesti
Nesti

Ípróttadót
ípróttadót

SKRIFA Í SÖNGBÓK:

Í skólanum í skólanum
Er skemmtilegt að vera
Við lærum þar að lesa margt
Og leir við hnoðum eins og vax
Í skólanum í skólanum
Er skemmtilegt að vera.

Teikna Lita Klippa Líma:

Skóli Krakkar
 Krakkar læra
 Krakkar lesa
 Kracka hnoða leir

Búa til pennaveski og alla þá hluti sem þar fara inn í.

Búa til harmonikubók fyrir skólaorðaforða:
frímínútur, nesti, krakkar, íþróttir....

Teikna Lita Klippa Líma

SKRIFA Í SAGNORÐABÓK:

Að teikna

Ég teikna	við teiknum
Þú teiknar	þið teiknið
Hann teiknar	þeir teikna
Hún teiknar	þær teikna
Það teiknar	þau teikna

AÐ LITA

Ég lita	við litum
Þú litar	þið litið
Hann litar	þeir lita
Hún litar	þær lita
Það litar	þau lita

AÐ KLIPPA

Ég klippi	við klippum
Þú klippir	þið klippið
Hann klippir	þeir klippa
Hún klippir	þær klippa
Það klippir	þau klippa

AÐ LÍMA

Ég lími	Við límum
Þú límir	þið límið
Hann límir	þeir líma
Hún límir	þær líma
Það límir	þau líma

Ég (að teikna),
þú (að lita),
hún (að klippa),
hann (að líma).
Við (að klippa),
þið (að teikna),
þeir (að lita),
þær (að líma) og
þau (að klippa).

BLS. 18

Teikna haust.

Haust
haust

Teikna vetur

Vetur
vetur

Teikna vor

Vor
Vor

Sigríður Ólafsdóttir
2003

Teikna sumar

Sumar
sumar

SKRIFA Í SÖNGBÓK:

Janúar, febrúar
mars, apríl, maí,
júní, júlí, ágúst
september, október
nóvember og desember.

Gulur, rauður, grænn og blár
Svartur, hvítur, fjólublár
Brúnn bleikur banani
Appelsína talandi

Hvaða liti fá laufin á haustin?

Atli og Anna tína lauf.

Tína Atli og Anna lauf?

Hver tíkir lauf?

Hvað tína Atli og Anna?

Sigríður Ólafsdóttir
2003

BLS. 20 - 21

**Tala
tölu**

Skrifa tölurnar með bókstöfum:

1 _____ 2 _____ 3 _____

4 _____ 5 _____ 6 _____

7 _____ 8 _____ 9 _____

10 _____

Hvað eru mörg tré í garðinum hjá Atla og Önnu?

1 ein 2 tvær 3 þrjár

4 fjórar 5 fimm 6 sex

7 sjö 8 átta 9 níu

1 eitt 2 tvö 3 þrjú

4 fjögur 5 fimm 6 sex

7 sjö 8 átta 9 níu

BLS. 22

Veður veðrið
Veður

Hvernig er veðrið hjá Atla og Önnu?

Hvernig er veðrið hjá okkur í dag?

Teikna:

Rigning
Rigningu

Rok
Rok

Logn
Logn

Sól
Sól

Ský
Ský

Snjór
Snjó

Sigríður Ólafsdóttir
2003

Frost
Frost

KLIPPA EFNI OG LÍMA:

Peysa
Peysu

(buxa)
(buxu) (ekki til, en málfræðilega er þetta svona!)
2buxur
2buxur (2fætur, þess vegna eru buxur í fleirtölu!)

Sokkur 2 sokkar
Sokk

Skór 2 skór
Skó

Úlpa
Úlpu

Jakki
Jakka

Stígvél 2 stígvél
Stígvél

Húfa
Húfu

Vettlingur 2 vettlingar
Vettling

Regnkápa
Regnkápu

Regnhlíf
Regnhlíf

Hvernig er **peysan þín** á litinn?

Hvernig eru **buxurnar þínar** á litinn?

Hvernig eru **sokkarnir þínir** á litinn?

Hvernig eru **skórnir þínir** á litinn?

Hvernig er **skólataskan þín** á litinn?

Hvernig er **pennaveskið þitt** á litinn?

Hvernig er **blýanturinn þinn** á litinn?

Hvernig er **strokleðrið þitt** á litinn?

Hvernig er **yddarinn þinn** á litinn?

Sigríður Ólafsdóttir
2003

Bls. 25

Er nú hætt að rigna?

Skín sólin?

Sér Anna orm?

Hver sér orm?

Hvað sér Anna?

Hver sér líka orm?

Líður ormum vel í sólinni?

Hvert þurfa þeir að komast?

Hvað gera Anna og Atli?

HVAÐ Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

HVER Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

HVERT Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

Sigríður Ólafsdóttir
2003

ÞETTA SKALTU SKRIFA Á SPJALD, KENNARINN
HJÁLPAR ÞÉR AÐ SKRIFA FLEIRI SPURNARORÐ OG
SÍÐAN Á ÞÍNU TUNGUMÁLI. ÞETTA ER GOTT AÐ
HAFA Í PLASTI ALLTAF Í SKÓLATÖSKUNNI.

Bls. 26

Hjólar Óli á litlu hjóli?

Hvað gerist?

Er Óli með hjálm?

Teiknaðu: Sár
 Sár

Átt þú hjól?

Átt þú hjálm?

Brjóta blað og búa til litla bók:

Hreinn	-	Óhreinn
Þolinmóður	-	Óþolinmóður
Mögulegt	-	Ómögulegt
Rólegur	-	Órólegur
Heppinn	-	Óheppinn
Happ	-	Óhapp
Þægur	-	Óþægur

Skrifa á þínu tungumáli hvað þessi orð þýða

LESA:

A Á

E É

I Í

O Ó

U Ú

Y Ý

Æ Ö

Þ Þ

Finna orð sem byrja á þessum stöfum:

TEIKNA SKRIFA Í ORÐABÓK

BLS. 30

Fuglar fljúga

Flugvélar fljúga

Flugur fljúga

Fiðrildi fljúga

TEIKNA, LITA OG SKRIFA Í HARMONIKUBÓK:
ALLT SEM KANN AÐ FLJÚGA

SKRIFA Í SAGNORÐABÓK:

AÐ FLJÚGA:

Ég flýg

Þú flýgur

Hann flýgur

Hún flýgur

Það flýgur

við fljúgum

þið fljúgið

þeir fljúga

þær fljúga

þau fljúga

AÐ GETA:

AÐ GETA FLOGIÐ – AÐ FLJÚGA

Ég get

við getum

Þú getur

þið getið

Hann getur

þeir geta

Hún getur

þær geta

Það getur

þau geta

SKRIFA Í SÖNGBÓK:

Fljúga hvítu fiðrildin

Fyrir utan gluggann

Þarna siglir einhver inn

Ofurlítill dugga

**LÆRA UTANBÓKAR OG SKRIFA Á BLAÐ Á
MORGUN.**

BLS. 32

BÚA TIL BÓK:

Morgunmatur

Nesti

Hádegismatur

Síðdegishressing

Kvöldmatur

Hollur matur

Óhollur matur

Spennandi matur: uppskriftir og myndir

Matardiskur
Teikna Lita Klippa Líma
Matur á disk
Hnífur Gaffall Skeið

Hvað borðar þú í morgunmat?

Hvað hefur þú í nesti í dag?

Hvað borðar þú í hádegismat í dag?

BLS. 34 – 35

Má kisa fá mjólk?

Má Atli fá súrmjólk?

Má Anna fá lýsi?

Má Anna fá ís?

BLS. 36

Hver á kettlinga?

Hvað má kisa borða?

Hvað gerir kisa?

HVER Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

HVAÐ Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

Hver kemur heim til Atla og Önnu?

Hvað heitir kisa?

Hvað á kisa marga kettlinga?

HVE MARGIR Á ÞÍNU TUNGUMÁLI?

Hvar kúra kettlingarnir?

HVAR Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

BLS. 38

FARA ÚT AÐ GANGA.

HVAÐ SJÁUM VIÐ? TEIKNA Á STÓRT KARTON.

SKRIFA ORÐ Á MYNDINA.

**GÖTUMYND: BÚÐIR, BANKI, BÍÓ, BAKARÍ,
APÓTEK, BÓKASAFN. TEIKNA LITA KLIPPA LÍMA**

BLS. 39

Hvert fara Atli og Anna með pabba og mömmu?

Hvað fá Atli og Anna í bænum?

LESA BÓK UM REYKJAVÍK, TEIKNA FRÆG HÚS.
FARA Í BÆINN, SKOÐA HÚS OG GÖTUR.
TEIKNA FRÆG HÚS OG STAÐSETJA Á KORTI AF
REYKJAVÍK.

BÚA TIL MATVÖRUBÚÐ ÚR ÞYKKUM PAPPÍR.
SETJA INN Í ALLAR MATVÖRUR.

SKRIFA Í SÖNGBÓK:

Allir krakkar, allir krakkar
Eru að fara heim
Heim til pabba og mömmu
Líka afa og ömmu
Allir krakkar, allir krakkar
Eru að fara heim

Afi minn fór á honum Rauð
Eitthvað suður í bæinn
Sækja bæði sykur og brauð
Sitt af hvoru tagi

LÆRA UTANBÓKAR OG SKRIFA Á BLAÐ Á
MORGUN.

BLS. 40

(Best er að byrja á þessum kafla í byrjun nóvember!)

JÓL Á ÍSLANDI

FARA Í ÁRBÆJARSAFNIÐ OG SKOÐA JÓLIN ÞAR.

JÓLABÓK:

**JÓLASVEINARNIR 13, GRÝLA OG LEPPALÚÐI
TEIKNA LITA SKRIFA**

JÓLAUNDIRBÚNINGUR:

PIPARKÖKUR

PIPARKÖKUHÚS

JÓLATRÉ

JÓLAGJAFIR

DESEMBER:

JÓLASKEMMTANIR

ÞORLÁKSMESSA

AÐFANGADAGUR

JÓLADAGUR

ANNAR Í JÓLUM

Á MILLI JÓLA OG NÝÁRS

GAMLAÁRSDAGUR

NÝÁRSDAGUR

JÓLABOÐSKAPUR KRISTNINNAR:

JÓLAGUÐSPJALLIÐ

JESÚS MARÍA JOSÉP

BETLEHEM

FJÁRHÚS

JATA

Sigríður Ólafsdóttir
2003

BAKA PIPARKÖKUR OG SKREYTA.

SKRIFA, TEIKNA OG SYNGJA JÓLASÖNGVA

BLS. 41

Hver er veik, hver er lasin?

Hvernig er amma lasin?

HVERNIG Á ÞÍNU TUNGUMÁLI:

Hvað vill amma gera?

Hvað gefa Anna og Atli ömmu?

Hvað segir amma?

**BÚA TIL JÓLAKORT
LÆRA JÓLAKVEÐJUR**

LEIKA JÓLAGUÐSSPJALLIÐ

BLS. 46

Hvar átt þú heima?

**TEIKNA HÚSIÐ ÞITT, LITA, KLIPPA OG
STAÐSETJA Á GÖTUKORTI.**

**BÚA TIL HÚS ÚR PAPPÍR:
SVEFNHERBERGI
BAÐHERBERGI
STOFA
ELDHÚS
OG ALLA HLUTI SEM ÞAR EIGA HEIMA.
SETJA NAFNSPJALD Á HÚSIÐ**

SKRIFA Í SÖNGBÓK:

**Afi minn og amma mín
Úti á Bakka búa
Þau eru bæði sæt og fín
Þangað vil ég fljúga**

**LÆRA UTANBÓKAR OG SKRIFA Á BLAÐ Á
MORGUN**

BLS. 48- 49

Hvar leika Anna og Atli í indíanaleik?

Fær Káta að vera með?

Hvar vill Káta vera?

BLS. 50-51

Hvernig er veðrið hjá Atla og Önnu?

Hvað gera Anna og Atli áður en þau fara út?

Hvað gerir afi á meðan?

Heldur þú að afi vilji fara út að leika?

Hvað gerir þú á meðan þú bíður eftir kvöldmatnum?

Hvað gerir þú á meðan þú bíður eftir strætó?

Hvað gerir þú á meðan kennarinn hjálpar hinum krökkunum?

Hvað gerir þú áður en þú ferð að sofa á kvöldin?

Hvað gerir þú áður en þú ferð í skólann á morgnana?

Hvað gerir þú áður en þú ferð út í frímínútur?

Búa til setningu með áður en.

Búa til setningu með á meðan.

Bls. 52-53

Skrifa í söngbók:

Frost er úti fuglinn minn
Ég finn hvað þér er kalt
Nærðu engu í nafið þitt
Því nú er frosið allt.

En ef þú bíður augnablik
Ég ætla að flýta mér
Að biðja hana mömmu mína
Um mylsnu handa þér.

Læra utanbókar og skrifa á blað á morgun!!

Hvaða árstíð er hjá Atla og Önnu?

Sigríður Ólafsdóttir
2003

Hvað árstíð er hjá þér?

Af hverju fá fuglarnir ekki nógan mat úti núna?

Hvað ætla Anna og Atli að gera?

Hvað borða fuglar?

Veistu um annað orð sem þýðir það sama og él?

Gefur þú fuglunum stundum að borða?

Hvað gefur þú þeim þá?

BLS. 54-55

Hver kemur í heimsókn til Önnu og Atla?

Þeir sem koma í heimsókn eru gestir.

Hvaða gestir eru hjá Önnu og Atla?

Hvað gefa afi og amma Önnu og Atla?

Veistu nokkuð af hverju þau gefa Önnu og Atla gjöf?

Hvað heldur þú?

Hvað skrifa Anna og Atli á miðann?

Skrifaðu það alveg rétt.

Átt þú náttföt?

Teiknaðu náttfötin þín.

Nú skuluð þið leika heimboð:

Við þurfum heimafólk: til dæmis (t.d.) pabbi, mamma og krakkar;

Gesti: til dæmis (t.d.) afi og amma eða frænka og frændi.

Orðaforði:

Góðan daginn, gott kvöld, halló,

Gaman að sjá ykkur

Hvað segiði gott?

Allt gott. En þið?

Má bjóða ykkur: kaffi, gos, vatn, mjólk.....

kökur.... snakk....

Já, takk, gjarnan.

Hafiði heyrt
Nei, hvað segirðu, ég vissi það ekki.
En veistu bara
hvað.....
Hvað finnst ykkur um (einhver frétt efst á baugi
núna).....
.....

Búa til bók: **HEIMSÓKN**
Teikna persónurnar og skrifa nöfn þeirra. Teikna heimilið. Skrifa samtölin. Teikna og skrifa veitingarnar.

BLS. 56-57

Af hverju finna Anna og Atli ekki hlutina sína (dótið sitt og fötin sín)?

Hvar er öndin?

Hvar er derhúfan?

Hvað gerir maður þegar allt er í drasli?

Er stundum drasl heima hjá þér?

Hvað gerir þú þá?

**TEIKNADU NÚ HERBERGIÐ ÞITT ÞAR SEM
ALLT ER Í DRASLI.
SKRIFAÐU HVAR ALLIR HLUTIRNIR ERU.**

**TEIKNADU NÚ HERBERGIÐ ÞITT ÞEGAR ÞÚ
ERT BÚINN AÐ TAKA TIL.
SKRIFAÐU HVAR ALLIR HLUTIRNIR ERU.
Skrifa í söngbók:**

Dansi dansi dúkkan mín
Dæmalaust er stúlkan fín
Með voða fallett hrokkið hár
Hettan rauð og kjóllinn blár

Svo er hún með silkiskó
Sokka hvíta eins og snjó
Haldið ekki að hún sé fín
Dansi dansi dúkkan mín.

**LÆRA UTANBÓKAR OG SKRIFA Á BLAÐ Á
MORGUN.**

**OFAN Á UNDIR BAK VIÐ VIÐ HLIÐINA Á
FYRIR FRAMAN FYRIR AFTAN Á MILLI
INNI Í YFIR**

Teiknaðu:

Boltinn er ofan á bílnum:

Boltinn stendur fyrir aftan bílinn:

Boltinn liggur undir bílnum:

Boltinn liggur á milli bílsins og hússins:

Boltinn er inni í bílnum:

Boltinn er fyrir framan bílinn:

Boltinn hoppar yfir bílinn:

Boltinn er bak við bílinn:

Boltinn stendur við hliðina á bílnum:

LEIKUR: AÐ FELA HLUT.

Einn fer út, hinir fela ákveðinn hlut. Sá sem leitar fær upplýsingar með orðum um staðsetningu hlutarins.

Bls. 56

Hvert fer pabbi?

Hvað gera Anna og Atli?

BÚÐARFERÐ , Í SJOPPU.

Afgreiðslukonan: Góðan daginn.

Viðskiptavinur: Góðan daginn.

Afgreiðslukonan: Hvað viltu fá?

Viðskiptavinur: Ég ætla að fá eina pylsu.

Afgreiðslukonan: Hvað viltu fá á pylsuna?

Viðskiptavinur: Ég ætla að fá: tómatsósu,
sinnep,
steiktan lauk,
hráan lauk,
remolaði

.....ja, ég ætla bara að fá pylsu
með öllu.

Afgreiðslukonan: gjörðu svo vel. Viltu fá eitthvað
að drekka?

Viðskiptavinur: já, takk, ég ætla að fá eina kók.

Afgreiðslukonan: gjörðu svo vel.

Viðskiptavinur: takk. Hvað kostar þetta?

Afgreiðslukonan: 250 krónur.

Viðskiptavinur: hér eru 500 krónur.

Afgreiðslukonan: hér færðu 250 krónur til baka.

Viðskiptavinur: takk fyrir og bless, bless.
Afgreiðslukonan: vertu blessaður og verði þér að góðu.
Viðskiptavinur: heyrðu annars, mig langar líka í ís.
Ég er svo svangur!
Afgreiðslukonan: HA, HA, já, alveg sjálfsagt. Viltu ís í brauðformi eða í boxi?
Viðskiptavinur: í brauðformi með súkkulaðidýfu.
Afgreiðslukonan: veistu það að við eigum líka karamelludýfu, lúxusdýfu og lakkrísýfu. Svo eigum við líka alls konar sælgæti sem við setjum ofan á, t.d. hrís, kókosmjöl, hnetur, snickers og lakkrískurl.
Viðskiptavinur: nammi namm!! Ég ætla nú barasta að fá karamelludýfu með snickerskurli!!
Hvað kostar það?
Afgreiðslukonan: það kostar 210 krónur.
Viðskiptavinur: hér eru 250 krónurnar sem þú ert búin að gefa mér til baka.
Afgreiðslukonan: þá færðu 40 krónur til baka.
Viðskiptavinur: takk, takk. Nammi, namm, mikið er þetta góður matur.
Afgreiðslukonan: verði þér að góðu.
Viðskiptavinur: vertu blessuð.
Afgreiðslukonan: vertu blessaður.

LEIKA SJOPPUFERÐ.

LÆRA ORÐAFORÐA OG SKRIFA Á BLAÐ Á MORGUN.

BLS. 59

Af hverju fá Anna og Atli kort?

Veistu hvað svona kort heitir?

Ert þú búin/n að fá svona kort?

Hvað vill Anna gefa Óla?

Hvað vill Atli gefa Óla?

TEIKNADU AFMÆLI SVEISLU. ÞAR EIGA AÐ VERA:

Afmælisgestir.

Afmælisbarn

Blöðrur

Afmæliskökuborð

Á borðinu eru:

Afmæliskaka

Afmælisdiskar

Afmælisglös

Snakk

Pizza

Gos

Mamma og pabbi standa og hjálpa krökkunum að fá sér.

Á annað blað skaltu teikna krakkana að leika sér. Skrifaðu hvað þau eru að gera. (í nafnhætti)

BLS. 60 – 61

Hvað eru Anna og Atli að gera?

Finnst þeim það gaman?

Ég mér finnst gaman
Þú þér finnst gaman
Hann honum finnst gaman
Hún henni finnst gaman

Við okkur finnst gaman
Þið ykkur finnst gaman
Þeir þeim finnst gaman
Þær þeim finnst gaman
Þau þeim finnst gaman

**KENNARI SPYR NEMENDUR:
HVAÐ FINNST ÞÉR GAMAN AÐ GERA?
SKRIFAR UPP SÚLURIT.**

Hvað finnst pabba þínum gaman að gera?

Hvað finnst mömmu þinni gaman að gera?

Hvað finnst **mömmu** þinni og **pabba** þínum gaman að gera?

Hvað finnst **ykkur** öllum gaman að gera saman saman?

Hvað finnst **mömmu** Atla og Önnu gaman að gera?

Hvað finnst **pabba** Atla og Önnu gaman að gera?

Hvað finnst **ömmu** Atla og Önnu gaman að gera?

Hvað finnst **afa** Atla og Önnu gaman að gera?

Hvað finnst **Atla** gaman að gera?

Hvað finnst **Önnu** gaman að gera?

Leika sagnir, athafnir:

Skrifa ýmsar athafnir á miða. Einn dregur miða og leikur einhverja athöfn. Hinir reyna að finna út hvað hann er að gera. Sá sem getur fyrstur fær stig.

Skrifa í söngbók:

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu

Við klöppum öll í einu

Það líkar okkur vel

Við stöppum öll í einu

Við stöppum öll í einu

Við stöppum öll í einu

Það líkar okkur vel

o.s.frv.

**SKRIFA Í ORÐABÓK BEYGINGAR ÞESSARRA
SAGNA Í ÖLLUM PERSÓNU EINTÖLU OG
FLEIRTÖLU, NÚTÍÐ.**

**SKRIFA SETNINGAR MEÐ ÞESSUM SÖGNUM Í
ÝMSUM PERSÓNUM EINTÖLU OG FLEIRTÖLU,
NÚTÍÐ.**

BLS. 62-63

Hvert eru Anna og Atli að fara?

Ferð þú stundum í sund?

Hvað heitir sundlaugin sem þú ferð í?

Anna og Atli horfa á umferðarljós.

Hvaða litir eru á umferðarljósinu?

Hvaða litur tákna:

Að bíða

Að vera tilbúinn

Að labba yfir götuna

Nú skaltu búa til bók um það þegar Anna og Atli fara í sund.

Þau þurfa að borga afgreiðslukonunni og fá lykil. Þau fara í búningsklefann (fylgdu Önnu ef þú ert stelpa en Atla ef þú ert strákur). Þau klæða sig úr fötunum og hengja þau á snaga eða herðatré. Þau setja fötin sín inn í skáp og læsa með lykli. Þau taka sundfötin sín (Anna tekur sundbolinn sinn og Atli tekur sundskýluna sína) og handklæðið sitt og fara í sturtuklefann. Handklæðið setja þau fyrst í hillu. Þau þvo sér vel í sturtunni með sápu. Svo klæða þau sig í sundfötin sín og labba út í sundlaug. Þar fá þau ermakúta og hoppa út í sundlaugina. Þau standa við bakkann og bíða eftir kennaranum. Kennarinn segir þeim að synda yfir 10 ferðir, bringusund. Síðan synda þau baksund

og að lokum skriðsund. Að lokum eiga þau að stinga sér út í laugina. Þegar þau eru búin fara þau aftur í sturtuklefan og þvo sér vel. Þau þvo sér líka um hárið með shampoo (hársápu) og skola hárið vel á eftir. Þau þurrka sér með handklæðinu og fara svo í búningsklefan. Þar opna þau skápinn með lyklinum og taka út fötin sín. Þau klæða sig og greiða hárið. Síðan labba þau fram og hittast. Þau labba saman út.

Skrifa á myndirnar hvað allir hlutir heita.

Hvað heita krakkarnir á myndinni á bls. 63?

Af hverju var Una næstum orðin undir bíl?

Hvað þýðir: Nú skall hurð nærri hælum?

BLS. 64-65

Af hverju er rusl úti?

Hvað eru Anna og Atli að gera?

Farðu núna út og tíndu rusl í poka. Þegar þú kemur inn aftur skaltu skrifa í orðabókina hvaða rusl er í pokanum þínum.

Er meira rusl á götunum í Reykjavík eða þar sem þú áttir heima áður (í landinu þínu)?

Af hverju heldur þú að það sé?

BLS. 66-67

Hvað heitir vinur hennar Önnu?

Hvað heitir vinur hans Atla?

Hvað heitir vinur þinn?

Hvað heitir vinur mömmu þinnar?

Hvað heitir vinur pabba þíns?

Hvað heitir vinnan **mömmu** þinnar?

Hvað heitir vinnan **pabba** þíns?

Teiknaðu:

Atli í fýlu:

Anna að gráta:

Vala er glöð:

Villi glaður:

Villi leiður:

Vala leið:

Anna og Villi að rífast:

Ferð þú stundum í fýlu?

Af hverju?

Ert þú stundum leið/ur?

Hvenær ert þú glaður/glöð?

BLS. 68

Af hverju mála Anna og Atli egg?

Nú skaltu búa til bók um páskana.

Þú þarft að vita af hverju þú færð páskafrí.

Það er hluti af sögu og trú hér á Íslandi.

Kannski hefur þú sömu eða svipaða trú. Þá

getur þú líka búið til bók sem sýnir siði og

venjur í kringum páskana í upprunalandi

þínu.

Ef ekki, þá getur þú kannski búið til bók um

einhverja hátíðisdaga í þínu landi sem ekki

eru til á Íslandi.

Í bókinni um páska á Íslandi skaltu hafa

Pálmasunnudag

Skírdag

Föstudaginn langa

Páskadag

Bls. 71

Vaxa eplatré í upprunalandi þínu?

Veistu það að í gamla daga fengu Íslendingar bara epli og appelsínur á jólunum. Það er vegna þess að epli vaxa ekki á Íslandi og það kostaði svo mikið að flytja þau til Íslands. Þess vegna finnst mörgum eplalykt minna á jólin.

En hvað getum við gert ef við viljum rækta eplatré inni hjá okkur?

Bls. 72-73

Nú skaltu búa til bók þar sem þú skrifar og teiknar allt sem við þurfum að gera til að hafa heimilið okkar hreint og fínt.

**Þar þarftu að hafa:
Setja föt í þvottavél
Taka föt úr þvottavél
Hengja upp föt
Taka föt af snúru
Strauja föt
Brjóta föt saman
Setja föt inn í skáp**

**Ryksuga gólf
Skúra gólf
Þvo baðherbergi
Þurrka af**

Setja í uppþvottavél
Setja mat inn í ísskáp og skápa
Þvo af borðum með borðtusku
Taka úr uppþvottavél
Setja inn í skápa

Eitthvað fleira?

Bls. 74-75

Nú skaltu skrifa og teikna alla þá staði þar sem við förum í vatn eða í sturtu.

Baðker

Sturta

Sundlaugar

Íþróttahús

Baðströnd

Gufubað

Hvað þurfum við að taka með okkur þegar við förum í sund.

En þegar við förum í íþróttir?

Fórstu á baðströnd í heimalandi þínu?

Saknar þú þess hér á Íslandi?

Þú mátt teikna og skrifa um það þegar þú fórst á baðströnd.

Bls. 76-77

Hvað er klukkan hjá Atla og Önnu?

Hvað er klukkan hjá þér?

Klukkan hvað vaknar þú á morgnana?

Klukkan hvað ferð þú í skólann?

Klukkan hvað byrjar skólinn?

Klukkan hvað eru frímínútur?

Klukkan hvað ferð þú aftur heim?

Klukkan hvað borðar þú kvöldmat?

Klukkan hvað ferð þú að sofa á kvöldin?

Hvar eru Anna og Atli?

Hvaða hlutir eru í stofunni?

Teikna og skrifa

**Nú skaltu taka dagskrá sjónvarpsins í dag.
Þú skalt lesa hana vel með hjálp kennarans.
Er eitthvað sem þig langar að horfa á?**

**Það er mjög gott fyrir þig að horfa á fréttir.
Þá veistu hvað er að gerast á Íslandi og í
öðrum löndum. Kannski sérðu fréttir frá
upprunalandi þínu. Þú skilur kannski ekki**

mikið en þú sérð myndir og smám saman skilur þú meira og meira.

Þú átt líka að horfa á barnaefni í sjónvarpinu. Það skilur þú betur. Það er gott að taka barnaefnið upp á vídeó og horfa á aftur og aftur. Þá lærir þú mikið.

Taktu nú sjónvarpsdagskrárblaðið sem er fyrir heila viku.

Merktu við allt barnaefni. Reyndu svo að horfa alltaf á barnaefnið og hlusta vel.

Bls. 78-79

Hvernig segir þú jörð á þínu tungumáli?

Nú skaltu finna 3 lönd á jörðinni.

Þú átt að skrifa nafnið á landinu og teikna barn á sama aldri og þú. Þú átt að hafa það í fötum sem sýna hvernig veðrið er hjá barninu núna.

Veistu hvað barnið borðar?

Er maturinn eins og hér á Íslandi?

Hvað vinna mamma og pabbi barnsins?

Teiknaðu húsið þeirra.

Lestu nú bls. 79

Hvernig er jörðin í laginu?

Hvað er á jörðinni?

Hverjir búa á jörðinni?

Hverjir eiga jörðina?

Hvað er fallett og gott á jörðinni?

Hvað er ekki fallett og gott á jörðinni?

Bls. 80

Hvar er mamma?

Hvað gerir mamma fyrir Atla og Önnu?

Hvað gera Anna og Atli?

Hvað finnst Atla og Önnu gaman?

Bls. 81

Kunna Anna og Atli að lesa?

Hvaða orð geta þau lesið?

Bls. 82-83

Núna er vor hjá Atla og Önnu.

**Hvernig vitum við það?
Sjáum við það á myndinni?**

Hefur þú farið í ferðalag á Íslandi?

Hvert fórst þú?

**Nú skaltu teikna og skrifa um það.
Hvað heitir leikurinn sem Anna og Atli eru í?**

Nú skaltu teikna útileiki og skrifa um þá.

SKRIFA Í SÖNGBÓK.

**Vorið góða grænt og hlýtt
Græðir fjör um dalinn
Allt er nú sem orðið nýtt
Ærnar kýr og smalinn**

Þú skalt skrifa þetta á þínu tungumáli.

Bls. 84

Hvað er Kári að gera?

Hvað gera börnin á meðan þau hlusta á Kára?

**ÆVINTÝRIÐ UM ÞYRNIRÓS.
(EÐA ANNAÐ ÆVINTÝRI SEM ÖLL BÖRNIN
ÞEKKJA)**

Kennarinn finnur bók með ævintýrinu og sýnir myndir og saman segja þau ævintýrið og kennarinn skrifar á töfluna og börnin í bækurnar sínar.

Börnin setja sig í ákveðin hlutverk og leika ævintýrið.

Börnin læra ævintýrið á íslensku heima.

Skrifa svo ævintýrið án fyrirmyndar í skólanum.

Ævintýrið er æft og leikið. Tekið upp á myndband í lokin.

Bls. 85

Hvar eru börnin?

Finndu á landakorti 5 eyjur við Ísland og skrifaðu nafn þeirra.

**Eyja
Eyj...**

Hvað gera börnin á eynni?

Hefur þú farið á eyju?

Sigríður Ólafsdóttir
2003

Hvaða eyju?

Hvað gerir þú þar?

Bls. 86-87

Hvaða árstíð er núna hjá börnunum?

Hvernig sjáum við það?

Hvernig sjá Anna og Atli það?

Hvernig finna þau lykt af sumrinu?

Hvernig heyra þau það með eyrunum?

Nú skaltu teikna og skrifa það sem þú gerðir síðasta sumar.

SKRIFA Í SÖNGBÓK:

Blessuð sólin elskar allt

Allt með kossi vekur

Haginn grænn og hjarnið kalt

Hennar ástum tekur

Læra og skrifa á morgun.

Þú mátt skrifa þetta á þínu tungumáli.
Það er gaman að búa til eitt spjald með þessu á öllum tungumálum barnanna og myndskreyta.

Skrifaðu í sagnorðabók:

Að sjá

Ég sé við sjáum

Þú sérð þið sjáið

Hann sér þeir sjá

Hún sér þær sjá

Að heyra

Ég heyri við heyrum

Þú heyrir þið heyrið

Hann heyrir þeir heyra

Hún heyrir þær heyra

Að finna

Ég finn við finnum

Þú finnur þið finnið

Hann finnur þeir finna

Hún finnur þær finna

Finndu *sagnorð* bls. 50-70 og beygðu þau svona og skrifaðu í sagnorðabók.

Finndu *nafnorð* bls. 70-80 og skrifaðu í nafnorðabók. (í nefnifalli og þolfalli)

Sigríður Ólafsdóttir
2003